

Alþingi
Erindi nr. P 141/1291
komudagur 24.1.2013

Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2013

Efni: Umsögn um þingskjal 93, 93. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum (texti bókhaldsbóka og ársreikninga, skoðunarmenn, endurskoðendur).

Athygli Íslenskrar málnefndar hefur verið vakin á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994. Nefndin fékk frumvarpið ekki til umsagnar þótt tíðkast hafi um langt skeið að leita álits hennar á frumvörpum sem snerta á einhvern hátt íslenskt mál. Nefndin sér þó ástæðu til að gera athugasemd við breytingu á 25. grein gildandi laga. Þar stendur í 3. mgr.:

Texti ársreiknings skal vera á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

Í 3. gr. breytingartillagnanna er bætt við nýjum lið:

Þó er félögum skv. 1. gr. heimilt þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna, að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku.

Íslensk málnefnd telur breytinguna ekki samræmast íslenskri málstefnu sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009 og gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneyti í heftinu *Íslenska til alls* í nóvember 2009. Þar kemur fram að tryggja skuli að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags (2009:11). Í kaflanum *Íslenska í atvinnulífinu* lagði Íslensk málnefnd fram eftirfarandi markmið (2009:65):

Að íslenska verði áfram aðalsamskiptamálið í atvinnulífi á Íslandi.

Þetta markmið felur það í sér að tryggt skuli að hér á landi geti fólk áfram unnið sín störf á íslensku og viðskiptavinir geti áfram átt samskipti við fyrirtæki á Íslandi á íslensku. Enn fremur að ársskýrslur og önnur gögn um íslensk fyrirtæki verði áfram á íslensku (þótt nauðsynlegt kunni að reynast að hafa þau einnig aðgengileg á ensku eða einhverju öðru máli) og meginreglan verði áfram sú að fyrirtæki á Íslandi heiti íslenskum heitum sem samræmast íslenskri málvenju. Markmiðið er ekki að útrýma

ensku eða öðrum tungumálum úr atvinnulífi á Íslandi, enda er notkun ensku eða annarra tungumála óhjákvæmileg í alþjóðlegum samskiptum, heldur er markmiðið að tryggja farsæla sambúð íslensku og ensku í umhverfi þar sem íslenska er aðalsamskiptamálið.

Íslensk málnefnd vill einnig benda á lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í 1. gr. segir:

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.

Í 2. gr. stendur:

Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Af því sem bent hefur verið á er ljóst að breytingin á 25. grein gildandi laga er ekki til þess fallin að styrkja íslenska tungu í atvinnulífinu og leggur Málnefndin til að hún verði felld brott. Fyrirtæki sem vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna geta ekki lagt reikninga eingöngu fram á íslensku verða að láta þýða þá.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar

Guðrún Kvaran
formaður